

## Fundargerð 524

Föstudaginn 2. júní 2023 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á skrifstofu Byggðastofnunar að Sauðármýri 2, Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH) formaður, Haraldur Benediktsson (HB), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH), Óli Halldórsson (ÓH), Rúnar Þór Guðbrandsson (RÞG) og Sigurjón Þórðarson (SÞ) varamaður í forföllum Jónínu B. Óskarsdóttur sem gat ekki mætt. María og Óli tengdust fundinum í gegnum Teams. Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 12:45 og bauð stjórnarmenn velkomna og sérstaklega nýja stjórnarmenn. Fyrir fundinum liggur eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð fundar 523 - til afgreiðslu
2. Starfsáætlun stjórnar - til afgreiðslu
3. Kosning í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar - til afgreiðslu
4. Öryggisstefnur upplýsingatæknikerfa - til afgreiðslu
5. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu
6. Lánamál - til afgreiðslu
7. Efling áttahagafjórðinga - til afgreiðslu
8. Reglur um viðskipti starfsmanna - til afgreiðslu
9. Lántökuheimild til forstjóra - til afgreiðslu
10. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
11. Skýrslubeiðni til ríkisendurskoðunar á byggðapottum fiskveiðistjórnunar - til kynningar
12. Önnur mál
13. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

### 1. Fundargerð fundar 523 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð fundar stjórnar nr. 523.

Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða og verður send stjórn til rafrænnar undirritunar.

### 2. Starfsáætlun stjórnar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur tillaga að dagsetningum, staðsetningum og fundarefni stjórnarfunda Byggðastofnunar fram að næsta ársfundi sem áætlaður er í maí 2024. AME kynnti starfsáætlunina, fyrirhugaðar dagsetningar, staðsetningar og fundarefni funda.

Til máls tóku HKH, ÓH, HB og RÞG.

Formaður bar upp starfsáætlunina og var hún samþykkt samhljóða.

### 3. Kosning í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns rekstrarsviðs um skipun í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar sem MH kynnti.

Hallóra K. Hauksdóttir sem situr í endurskoðunarnefnd hefur óskað eftir að víkja úr nefndinni. Lagt er til að endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar verði skipuð eftirfarandi aðilum fram að næsta ársfundi; Kristbjörg Kristbergsdóttir löggiltur endurskoðandi sem verði formaður, Ágústa Katrín Guðmundsdóttir löggiltur endurskoðandi og Óli Halldórsson. Jafnframt verði María Hjálmarsdóttir varamaður.

Til máls tóku KB og HKH.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

#### **4. Öryggisstefnur upplýsingatæknikerfa - til afgreiðslu**

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns rekstrarsviðs um staðfestingu á öryggisstefnum tengdum upplýsingaöryggi, stefnur Byggðastofnunar tengdar upplýsingaöryggi og leiðbeinandi tilmæli FME nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila sem MH kynnti.

Skv. leiðbeinandi tilmælum FME nr. 1/2019 skal stjórn eftirlitsskylds aðila setja stefnu eða eftir atvikum stefnur þar sem fram koma m.a. markmið með og öryggiskröfur til reksturs upplýsingakerfa.

Öryggisnefnd Byggðastofnunar yfirfor aðgangsstefnu, fjarvinnustefnu, útvistunarstefnu, öryggisstefnu og öryggisafritunarstefnu á sérstökum fundi og leggur til við stjórn að þær verði staðfestar.

Til máls tók RÞG.

Formaður bar ofangreinda tillögu upp og var hún samþykkt samhljóða

#### **5. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu**

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanns fyrirtækjasvið um vaxtakjör Byggðastofnunar sem HP og AME kynntu en kveðið er á um í starfs- og rekstraráætlun Byggðastofnunar umræðu um vaxtakjör stofnunarinnar tvisvar sinnum á ári.

Vaxtamunur Byggðastofnunar er umfram þau lágmarksviðmið sem sett eru í áhættustefnu. Á fundi peningastefnuneftar Seðlabanka Íslands þann 24. maí sl. var farið yfir mikilvægi þess að stuðla að fjármálastöðugleika í landinu og að samvinna allra aðila væri nauðsynleg í þeirri vegferð. Að þessu og öðru virtu er lagt til að vaxtakjör Byggðastofnunar haldist óbreytt.

Til máls tóku HKH, HB, SP, KB, ÓH og RÞG.

Formaður bar upp þá tillögu að þrátt fyrir aðstæður verði vaxtakjör stofnunarinnar óbreytt og var það samþykkt með 6 atkvæðum. SP var á móti.

Rætt var um að taka umræðu um lágmarksviðmið vaxtamunar þegar áhættustefna stofnunarinnar verður rædd í september.

#### **6. Lánamál - til afgreiðslu**

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir lánaafgreiðslur lánanefndar sem HP kynnti auk fundargerða lánanefndar nr. 17/23-21/23

Til máls tóku HKH, ÓH og RÞG. Ábending kom um orðalag í greiningum.

...

#### **7. Efling átthagafjársfesta - til afgreiðslu**

...

## 8. Reglur um viðskipti starfsmanna - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns lögfræðisviðs um reglur um viðskipti starfsmanna og drög að reglum um viðskipti starfsmanna sem HÁ kynnti. Skv. 2. mgr. 57. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 ber stjórn fjármálafyrirtækis að setja reglur um viðskipti starfsmanna þess og aðila í nánum tengslum við þá við fjármálafyrirtækið, og skulu reglurnar birtar opinberlega.

Lagt er til að stjórn staðfesti fyrirbyggjandi reglur og þær verði birtar á heimasíðu stofnunarinnar.

Til máls tóku RPG og KB.

Formaður bar upp reglurnar og voru þær samþykktar samhljóða.

## 9. Lántökuheimild forstjóra - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumann rekstrarsviðs um lántökuheimild til handa forstjóra sem MH kynnti.

Lagt er til að stjórn heimili forstjóra að ganga frá og undirrita skuldabréf vegna lántöku hjá Endurlánnum ríkissjóðs að fjárhæð allt að 3,0 milljörðum króna með lánstíma frá 15 til 20 árum.

Til máls tók KB.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

## 10. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar og yfirlit yfir rekstur til 30. apríl s.l. sem SEP kynnti.

Til máls tóku RPG, HB og KB. Rætt var um úttekt á þörf á heilbrigðisstarfsfólki.

HP vék af fundi

## 11. Skýrslubeiðni til ríkisendurskoðunar á byggðapottum fiskveiðistjórnar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanns lögfræðisviðs um beiðni Alþingis um skýrslu frá ríkisendurskoðanda um ráðstöfun aflamagns til stuðnings byggðarlögum, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 10. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 annars vegar og ráðstöfun aflaheimilda Byggðastofnunar, sbr. 10. gr. a. sömu laga hins vegar. Að auki liggur fyrir fundinum minnisblað Byggðastofnunar til Samráðsnefndar um sjávarútvegsstefnu Íslands með athugasemdum við útreikning úthlutunar „Aflamarks Byggðastofnunar“ í fyrirhugaðri skýrslu um framtíðarfyrirkomulag fiskveiðistjórnunarkerfis á Íslandi.

AME og HÁ kynntu minnisblöðin. Er því fagnað að gerð verði úttekt á kerfunum. Það sé í anda þess sem rætt hefur verið á vettvangi stjórnar af frumkvæði forstjóra, að gerð verði úttekt á Aflamarki Byggðastofnunar og hún rýnd til gagns.

Gert er ráð fyrir ítarlegri umfjöllun um Aflamark Byggðastofnunar á fundi stjórnar í ágúst.

Til máls tóku HKH og ÓH.

## 12. Önnur mál

*Ýmis mál*

SP ræddi aflamark, hæfismat og aðgang varamanna að gögnum stjórnarfunda.

Til máls tóku ÓH og HKH

**13. Næsti fundur**

Næsti fundur verður 29. ágúst nk. á Skagaströnd

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 14:40.

Magnús Helgason, fundarritari

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson

Rúnar Þór Guðbrandsson

Sigurjón Þórðarson